

## 21. fundur í Framkvæmdaráði Snæfellsness haldinn mánudaginn 8. mars 2010 í Röst Hellisandi kl. 10:00

Mættir: Kristinn Jónasson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Erla Friðriksdóttir, Benedikt Benediktsson, Eggert Kjartansson og Róbert Stefánsson.

Samkvæmt breyttu erindisbréfi fyrir Framkvæmdaráð Snæfellsness boðaði Kristinn Jónsson bæjarstjóri Snæfellsbæjar til fundar í framkvæmdaráði og stýrði honum.

Dagskrá :

1. **Kjör formanns, varaformans og ritara.** Formaður var kosinn Kristinn Jónasson, varaformaður Erla Friðriksdóttir og ritari Eggert Kjartansson.
2. **Ráðning umhverfisfulltrúa.** Auglýst hefur verið eftir umhverfisfulltrúa fyrir framkvæmdaráðið og fór Róbert yfir hvernig staðið var að henni, umsóknarfrestur rennur út 20. mars. Róberti falið að taka á móti umsóknum, flokka þær og koma með tillögu til framkvæmdaráðs um ráðningu á umhverfisfulltrúa.
3. **Sameiginleg útgáfa framkvæmdaráðs og ferðamálasamtaka Snæfellsnes.** Erla kynnti það sem gert hefur verið í málinu en fundað hefur verið með fulltrúa ferðamálasamtaka Snæfellsnes. Framkvæmdaráð leggur áherslu á að samkvæmt markmiðum um sjálfbæra þróun á svæðinu væri mikilvægt að sameinast um eina sameiginlega útgáfu á bækling og korti sem kynnir svæðið vel fyrir ferðamönnum. Erlu falið að vinna áfram að málinu með það fyrir augum að ljúka því í samræmi við umræður á fundinum.
4. **Önnur mál.**
  - Róbert kynnti að fyrirhuguð er úttekt á umhverfisvottun Snæfellsness nú á vormánuðum en þau atriði sem út af stóðu eru í góðum farvegi og því ekki eftir neinu að bíða með að fá úttekt á þeim.
  - Róbert undirbýr tilkynningu til fjölmiðla um nýtt merki sjálfbærnivottunarinnar, sem hér eftir heitir Earthcheck í stað Green Globe.
  - Formaður mun boða til næsta fundar þegar búið er að vinna úr umsóknum um starf umhverfisfulltrúa en reiknar með föstum fundartímum hjá framkvæmdarráði í framhaldinu.
  - Róbert er búinn að senda þeim fulltrúum sem sátu í Framkvæmdaráði Snæfellsness tölvupóst þar sem þau voru látin vita af þeim breytingum sem nú hafa verið gerðar á ráðinu og þeim þökkuð vel unnin störf fyrir ráðið.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:00

Fundarritari:  
Eggert Kjartansson